

**STAÐFESTING KONUNGS** á skipulagsskrá fyrir Minningar- **81**  
sjóð Maríu Kristínar Stephensen, útgefin á venjulegan hátt að man- **21. des.**  
datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 21. desember 1928. Skipu-  
lagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

**Minningarsjóð Maríu Kristínar Stephensen.**

Við undirrituð hjón, jeg Stephán Stephensen, og jeg Anna Sig-  
ríður Stephensen, fædd Melsted, til heimilis á Akureyri, sem með arf-  
leiðsluskrá, dagsettri í dag, höfum ákveðið að gefa mestan hluta eftir-  
látinna eigna okkar, til stofnunar sjóðs, er beri nafnið:

*„Minningarsjóður Maríu Kristínar Stephensen“*,

höfum bæði í sameiningu gert eftirfylgjandi skipulagsskrá fyrir sjóð  
þennan, og þá sjóði, er síðar á að stofna af fje hans:

Stjórnarráð Íslands hefir á hendi stjórn höfuðsjóðsins og ávaxt-  
ar hann á sem tryggilegastan og hagkvæmastan hátt, helst í innlend-  
um verðbrjefum, sem landssjóður ber ábyrgð á. Vextina ber að leggja  
við höfuðstólinn þangað til sjóðurinn er orðinn 60000,00 — sextíu þús-  
und — krónur. Skal þá taka af honum 10000 — tíu þúsund — krónur  
til stofnunar sjerstaks sjóðs, er beri nafnið:

*„Heilsuhællissjóður Maríu Kristínar Stephensen“*.

Hinn hluti höfuðsjóðsins, 50000 kr., á að standa óhreyfður og  
vextirnir að leggjast við höfuðstólinn þangað til hann er orðinn  
300000 — þrjú hundruð þúsund — krónur. Skal þá verja 200000 —  
tvö hundruð þúsund — krónum af fje sjóðsins til stofnunar eftir-  
fylgjandi sjóða:

|                                                                   |     |          |
|-------------------------------------------------------------------|-----|----------|
| Til „Minningarsjóðs Páls Melsted stúdents“ .....                  | kr. | 40000,00 |
| — „Barnahællissjóðs Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted“ .....         | —   | 40000,00 |
| — „Söng- og hljómlistanámssjóðs Maríu Kristínar Stephensen“ ..... | —   | 40000,00 |
| — „Brúðastyrktarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen“ .....           | —   | 40000,00 |
| — „Trjá- og blómraektarsjóðs Maríu Kristínar Stephensen“ .....    | —   | 20000,00 |
| — „Sjúkrasjóðs Maríu Kristínar Stephensen“ .....                  | —   | 10000,00 |
| — „Jólagleðisjóðs Maríu Kristínar Stephensen“ ...                 | —   | 10000,00 |

---

Kr. 200000,00

**81** Afgangur höfuðsjóðsins, 100000 kr., skal standa óhreyfður og 21. des. vextirnir leggjast við höfuðstólinn, þangað til hann er orðinn 1600000 — ein miljón og sex hundruð þúsund — krónur. Á þá þaðan af að verja  $\frac{3}{4}$  — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna árlega, fyrst og fremst til þess að koma upp fyrirmyndar kvennaskóla í Akureyrar-kaupstað, og styrkja hann árlega, svo að hann samsvari fyllilega kröfum tímans. Fátækum námsmeyjum ber að veita námsstyrk, svo að skólans geti notið jafnt efnaðir og fátækir. Alþingi semur lög um stofnun skólans og ákveður alt fyrirkomulag hans, eða felur öðrum að semja reglugjörð fyrir hann.

Að öðru leyti skal verja framangreindum hluta vaxtanna árlega til framfarafyrirtækja í landinu, sjerstaklega til verklegra framkvæmda í almennings þarfir, svo og til þess að styrkja unga efnilega listamenn til náms og starfa. Ákveður Alþingi hvernig þessu fje skuli varið, innan framangreindra takmarka, fyrir jafnlangan tíma í senn og fjárlög landsins gilda. Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtinga-blaðinu.

### Skipulagsská

fyrir „Heilsuhællissjóð Maríu Kristínar Stephensen“.

Stofnfje sjóðsins er 10000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *bæjarfógetinn, hjeraðslæknirinn og sóknarpresturinn í Akureyrar-kaupstað*. Fje sjóðsins skal einkum ávaxta í veðskuldabryfum, trygðum með fyrsta veðrjetti í jörðum í Eyja-fjarðarsýslu.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, og leggja skal árlega við hann  $\frac{1}{4}$  — einn fjórða hluta — vaxtanna. Verja má alt að  $\frac{3}{4}$  — þremur fjórðu hlutum — ársvaxtanna til styrktar fátækum, berklaveikum sjúklingum úr Akureyrar-kaupstað og Eyjafjarðarsýslu, er þurfa að dvelja sjer til heilsubótar á innlendu heilsuhæli. Allur árlegur vaxtaafgangur leggst við höfuðstólinn. — Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Lögbirtingablaðinu.

### Skipulagsskrá

fyrir „Minningarsjóð Páls Melsted stúdents“.

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

*Háskólaráðið* í Reykjavík stjórnar sjóðnum og ávaxtar hann á tryggilegan hátt.

Af ársvöxtum sjóðsins má fyrst um sinn veita 1000 — eitt þúsund — krónur á ári, einum kandidat frá Háskóla Íslands, til frekara

náms í útlöndum, enda hafi hann eigi efni á því sjálfur. Styrkinn má veita sama manni alt að 4 — fjórum — árum í senn. 81  
21. des.

Þegar sjóðurinn er orðinn 60000 — sextíu þúsund — krónur, má árlega veita af vöxtunum 2000 — tvö þúsund — krónur. Þegar sjóðurinn er orðinn 100000 — eitt hundrað þúsund — krónur, má árlega verja  $\frac{5}{6}$  hlutum árvaxtanna til styrkveitinga, og má þá styrkja fleiri en einn í einu, þó þannig, að engum sje veittur minni styrkur en 1500 krónur á ári.

Það skal gert að skilyrði fyrir styrk, að styrkþegar starfi hjer á landi við þau vísindi, er þeir hafa fullkomnað sig í, fyrir aðstoð styrksins, að minsta kosti jafnlangan tíma og þeir hafa notið styrksins. Á sama tíma ber þeim að halda nokkrum sinnum opinberlega ókeypis fyrirlestra um vísindaleg efni, á þann hátt, að alþýðu manna megi gagn að verða, eða gefa út alþýðlegar fræðibækur.

Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu. Nánari reglugjörð fyrir sjóðinn semur háskólaráðið, en stjórnarráðið samþykkir.

### S k i p u l a g s s k r á

fyrir „Barnahælissjóð Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted“.

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *borgarstjórinn í Reykjavík, biskupinn yfir Íslandi og 3 konur*. Tilnefnir stjórnarráðið eina þeirra, aðra kys bæjarstjórn Reykjavíkur og hina þriðju kjósa allar konur í Reykjavík, er kosningarrjett hafa í bæjarstjórn. Skulu þessar 3 konur hafa á hendi stjórnarstörfin í 6 ár í senn, þannig, að ein þeirra gangi úr stjórninni annaðhvort ár. Í fyrsta sinni ganga þær úr stjórninni eftir hlutkesti, ein eftir 2 og önnur eftir 4 ár.

Fyrst um sinn má árlega verja alt að 500 — fimm hundruð — krónum af vöxtum sjóðsins til uppeldis fátækum, munaðarlausum stúlkubörnum, fæddum í Reykjavík eða á Álftanesi í Gullbringusýslu, til 15 ára aldurs. Þetta skal gera annaðhvort á þann hátt að koma börnunum í fóstur hjá góðu fólki, eða styrkja barnahæli. — Þegar sjóðurinn er orðinn 150000 — eitt hundrað og fimmtíu þúsund — krónur, má verja nokkrum hluta hans til byggingar barnahælis, er beri nafnið:

„Barnahæli Jórunnar Ísleifsdóttur Melsted“,

þannig, að  $\frac{4}{5}$  — fjórir fimtu hlutar — ársvaxta afgangs sjóðsins nægi til þess að greiða allan kostnað við hælið. Eftir því sem sjóðurinn síðar eykst, skal stækka hælið.

Sjerstaklega skal leggja stund á að kenna stúlkubörnum þeim,

81 er uppalin verða á kostnað sjóðsins, öll venjuleg hússtörf og handa-  
21. des. vinnu, en bóklega mentun er ætlast til, að þau fái í opinberum skólum  
eftir skólaskylduáldur. Nánari reglugjörð fyrir sjóðinn semur stjórn  
hans en stjórnarráðið staðfestir. — Reikninga sjóðsins skal árlega birta  
í Lögbirtingablaðinu.

### Skipulagsskrá

fyrir „Brúðastyrktarsjóð Maríu Kristínar Stephensen“.

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

Stjórn sjóðsins hefir *stjórnarráð Íslands* á hendi og ávaxtar hann. Verja má árlega  $\frac{9}{10}$  — níu tíundu hlutum — ársvaxtanna til styrktar fátækum brúðum af embættismannastjett, er giftast í fyrsta sinn. Þó má eigi veita neinni brúður meira en 1000 — eitt þúsund — krónur. Allir vextir, sem annaðhvort eigi má eða þarf árlega að eyða, leggjast við höfuðstólinn.

Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu.

### Skipulagsskrá

fyrir „Söng- og hljómlistanámssjóð Maríu Kristínar Stephensen“.

Stofnfje sjóðsins er 40000 krónur.

*Stjórnarráð Íslands* hefir á hendi stjórn sjóðsins og ávaxtar hann. Af ársvöxtum sjóðsins má árlega verja alt að  $\frac{3}{4}$  — þrem fjórðu hlutum — handa efnilegum, fátækum unglingum, til þess að fullkomna sig í söng og hljóðfæraslætti í útlöndum; þó engum lengur en tvö ár og eigi skemur en hálft ár. Styrkinn veitir stjórnarráðið eftir tillögum þriggja hinna söngfróðustu manna í Reykjavík, er umsækjendurnir hafa gefið kost á að heyra til sín. Fyrir styrkveitingunni skal gera að skilyrði, að styrkþeginn, að afloknu námi, gefi kost á kenslu gegn hæfilegri borgun, annaðhvort í Reykjavík eða á Akureyri, í jafnlangan tíma og hann hefir notið styrksins, og gefi almenningi kost á að heyra til sín opinberlega við og við, gegn vægu gjaldi eða ókeypis, ef starfskraftar leyfa. — Reikninga sjóðsins skal árlega birta í Lögbirtingablaðinu.

### Skipulagsskrá

fyrir „Trjá- og blómræktarsjóð Maríu Kristínar Stephensen“.

Stofnfje sjóðsins er 20000 krónur.

*Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar* hefir á hendi stjórn sjóðsins

og ávaxtar hann. Verja má árlega alt að  $\frac{3}{4}$  — þremur fjórðu hlutum — 81  
vaxtanna til trjá- og blómræktar, fyrst og fremst í Listigarðinum á Ak- 21. des.  
ureyri, og því næst í öðrum opinberum gördum og blómreitum þar. Þeg-  
ar þeir vextir, sem árlega má eyða, eru orðnir svo miklir, að til þess  
nægi, skal ráða mann með sjerþekkingu í trjá- og blómrækt, til þess að  
gera sjer það að aðalatvinnu að rækta og prýða Listigarðinn og aðra trjá-  
og blómreiti kaupstaðarins, og skal hann jafnframt veita ókeypis að-  
stoð og ráð til trjá- og blómræktar í Akureyrarkaupstað og Eyjafjarð-  
arsýslu.

### Skipulagsskrá

fyrir „Sjúkrasjóð Maríu Kristínar Stephensen“.

Stofnfje sjóðsins er 10000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *hjeraðslæknirinn og sóknarprestur-  
inn í Akureyrarkaupstað og einn maður*, er bæjarstjórn Akureyrarkaup-  
staðar kýs til þriggja ára í senn. Veita má árlega alt að  $\frac{3}{4}$  — þremur  
fjórðu hlutum — ársvaxtanna til hjálpar fátækum sjúklingum í Akur-  
eyrarkaupstað og Hörgárdal. Allir vextir, sem annaðhvort eigi má eða  
þarf árlega að eyða, leggjast við höfuðstólinn.

### Skipulagsskrá

Fyrir „Jólagleðisjóð Maríu Kristínar Stephensen“.

Stofnfje sjóðsins er 10000 krónur.

Stjórn sjóðsins hafa á hendi: *bæjarfógetinn og sóknarpresturinn  
á Akureyri og 3 konur*, kosnar af kvenfjelaginu „Framtíðin“ á Akureyri,  
en ef það fjelag skyldi leggjast niður, þá af öðru kvenfjelagi í kaup-  
staðnum, er sjerstaklega leggur stund á líknarstarfsemi, og bæjarstjórn-  
in af þeim ástæðum veitir þennan kosningarrjett. Konurnar skal kjósa  
til 6 ára í senn, og gengur ein þeirra úr stjórninni annaðhvort ár, tvær  
hinar fyrstu eftir hlutkesti, hin fyrsta eftir 2 og önnur eftir 4 ár.

Verja má árlega alt að  $\frac{3}{4}$  — þremur fjórðu hlutum — ársvaxt-  
anna til þess að gleðja með gjöfum og hátíðahaldi á jölunum fátæk börn  
og gamalmenni í Akureyrarkaupstað.

Allir vextir, sem annaðhvort eigi má eða þarf árlega að eyða,  
leggjast við höfuðstólinn.

Akureyri, 30. júní 1915.

Anna Sigríður Stephensen.

Stephán Stephensen.

**81**  
21. des.

**PÁLL EINARSSON**  
Notarius publicus á Akureyri

*gerir kunnugt:* Ár 1915, þ. 30. júní, mættu fyrir mjer og undirrituðum tilkvöddum notarialvottum, hjónin Stephán Stephensen, gjaldkeri á Akureyri, og frú hans Anna Sigríður Stephensen, er notarius þekkir bæði persónulega, og undirrituðu þau bæði í viðurvist minni og notarialvottanna, framanritaða skipulagsskrá. Gerðu þau þetta af fúsum og frjálsum vilja.

Til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsgli svo og nöfn notarialvottanna.

Akureyri, 30. júní 1915.

*Páll Einarsson.*  
(L. S.)

Björn Líndal.  
Sigþór Magnússon.

**JÚL. HAVSTEEN**  
Notarius publicus á Akureyri

*gerir kunnugt:* Ár 1920, þ. 26. júní, mætti fyrir mjer og undirrituðum tilkvöddum notarialvottum ekkjufrú Anna Sigríður Stephensen, Akureyri, er notarius þekkir persónulega og lýsti yfir því, að eftirrit þetta af skipulagsskrá dags. 30. júní 1915 skyldi koma í stað frumritsins, ef það ekki finst, og að þetta sje hennar síðasti vilji. Gerði hún þetta af fúsum og frjálsum vilja og með fullu ráði.

Til staðfestu nafn mitt og embættisinnsgli.

Akureyri, 26. júní 1920.

*Júl. Havsteen*  
settur.

Notarialvottar:

Herdís Þorsteinsdóttir.  
Björn Ásgeirsson.